

Góð eftirlaun koma ekki af sjálfu sér

- Hvaðan fæ ég eftirlaun eftir að vinnu lýkur?
- Hvernig á ég að búa í haginn til að tryggja góð eftirlaun?

Það gerist ekki sjálfkrafa að eftirlaun verði ásættanleg. Til þess þarf að gefa sér tíma, skipuleggja og safna. Vissir þú að ...

- ... flestir verða fyrir kjaraskerðingu þegar þeir hætta að vinna og fara á eftirlaun?
- ... meðalmaðurinn/konan er um 20 ár á eftirlaunum? Sumir lifa mun lengur.
- ... u.þ.b. 28% kvenna og 17% karla á aldrinum 16–64 ára verða varanlega óvinnufær fyrir 65 ára aldur?
- ... búist er við að fjöldi eftirlaunaþega tvöfaldist á næstu áratugum og að fjöldi vinnandi á mótí hverjum ellilífeyrisþega fækki um helming? Einstaklingar geta því ekki

búist við að ríkið verði aflögufært til að bæta mikið við eftirlaunin.

- ... að búist er við að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast? Lengri meðalævi þýðir að sparnaður þarf að vera meiri til að duga ævina á enda.

Eftirlaun samanstanda af fjórum tekjuliðum sem eru ellilífeyrir almannatrygginga, ellilífeyrir lífeyrissjóða, viðbótarlífeyrissparnaður og annar sparnaður eða aðrar eignir. Almennatryggingar og lífeyrissjóðir eru með skylduaðild sem tryggir að allir sem búa og starfa á Íslandi fá eftirlaun til æviloka. Einstaklingar geta bætt við eftirlaunin með því að leggja fyrir og byggja upp eftirlaunasjóð eða eignir til að ganga á.

Hvaðan koma eftirlaunin?

Almannatryggingar og lífeyrissjóðir greiða grunn eftirlauna. Viðbótin ræðst af sparnaði einstaklinga á starfsævinni.

KERFIÐ / SKYLDA

VAL

I. Almennatryggingar (TR)


Ellilífeyrir er að lágmarki **219 þúsund krónur** fyrir einstaklinga sem hafa engar aðrar tekjur. Ellilífeyrir TR lækkar eftir því sem greiðslur úr lífeyrissjóðum hækka. Þegar lífeyrissjóður greiðir **300 þúsund krónur** lækkar lífeyrir TR í **35 þúsund krónur**.



Myndin sýnir hvernig ellilífeyrir TR lækkar (kr. á mánuði) eftir því sem greiðslur úr lífeyrissjóðum hækka.

II. Lífeyrissjóður


Lífeyrissjóðir greiða tekjutengd eftirlaun til æviloka. Miðað við að 12% af launum séu greidd í lífeyrissjóð í 40 ár má búast við að eftirlaun verði á bilinu 30%–50% af lokalaunum. Eftirlaun lífeyrissjóða skerða ellilífeyri TR, eins og áður segir.



Hlutfall af lokalaunum, (30%–50%) eftirlaun ráðast af afkomu sjóða, réttindakerfum og dreifingu inngreiðslna.

III. Viðbótarlífeyrissparnaður


Frjáls sparnaður með þátttöku launagreiðenda. Miðað við 20 ára sparnaðartíma geta eftirlaun hækkað um nálægt 15% af lokalaunum í 10 ár – og meira ef sparnaðartíminn er lengri. Viðbótarlífeyrissparnaður hefur óveruleg áhrif á ellilífeyri TR (lækkar framfærsluþætti um mest 40 þús. kr. á mánuði, engin áhrif ef lífeyrissjóður > 50 þús. kr.).



Hlutfall af lokalaunum, (0%–25%) eftirlaun ráðast af ávöxtun og sparnaðartíma.

IV. Annar sparnaður og eignir

Frjáls sparnaður og eignir sem hægt er að ganga á til að hækka eftirlaun um allt að 20% af lokalaunum í 5–10 ár. Fjármagnstekjur, til dæmis bankavextir og leigutekjur, skerða ellilífeyri TR.



Hlutfall af lokalaunum, (0%–20%) eftirlaun ráðast af nýtingu eigna og sparnaði.

Eftirlaun samtals

	65 ára	75 ára		
	Eftirlaun á mánn. þús.kr.	% af lokalaunum	Eftirlaun á mánn. þús.kr.	% af lokalaunum
Lágmarkseftirlaun, engar aðrar tekjur	219		219	
Meðallaun (369 þús.), lægstu eftirlaun	100	111 18	229	62%
Meðallaun (369 þús.), hæstu eftirlaun	100	185 111	395	107%
Sérfræðingur (712 þús.), lægstu eftirlaun	84	214 36	333	47%
Sérfræðingur (712 þús.), hæstu eftirlaun	35	356 214	605	85%

Hlutverk almannatrygginga er að tryggja að eftirlaunabegar hafi lágmarkslífeyri. Það sem hefur engar aðrar tekjur og býr einn fær greiddan ellilífeyri að fjárhæð 219 þúsund krónur á mánuði (grunnlífeyrir 35 þús; tekjutenging 111 þús; heimilisuppbót 33 þús; framfærsluuppbót 39 þús.) en fjárhæðin er 188 þúsund ef einstaklingur er í sambúð eða hjónabandi. Ellilífeyririnn lækkar eftir því sem aðrar tekjur hækka. Lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða ráðast af iðgjaldagreiðslum á starfsævinni. Ef iðgjöldin eru 12% af launum má búast við að eftirlaun eftir 40 ára starfsævi verði á bilinu 30% til 50% af lokalaunum. Endanleg fjárhæð ræðst af launaþróun, réttindakerfum og afkomu sjóðanna.

Einstaklingur sem greiðir af meðallaunum (369 þúsund á mánuði árið 2012) getur reiknað með grunneftirlaunum á bilinu 55%–75% af launum m.v. fjárhæðir almannatrygginga í janúar 2014 og 40 ára greiðslutíma í lífeyrissjóð.

Sérfræðingur sem greiðir af 712 þúsund króna launum fær lægri lífeyri frá almannatryggingum og fær því um 42%–55% af launum samtals í ævilangan lífeyri. Í þessum dæmum er ekki reiknað með fjármagnstekjum af öðrum eignum sem hafa áhrif á ellilífeyri almannatrygginga.

Vænlegasta leiðin til að bæta við eftirlaunin er með reglulegum sparnaði. Vegna mótframlags launagreiðanda er viðbótarlífeyrissparnaður hagkvæmasti sparnaður sem völ er á. Sá sem leggur fyrir 2% af launum og fær 2% mótframlag í 30 ár getur t.d. safnað upp sjóði sem bætir við eftirlaunin mánaðarlegum tekjum allt að 25% af lokalaunum í 10 ár. Ef einstaklingar treysta sér til er einnig skynsamlegt að vera með annan reglulegan sparnað sem getur verið vara- og neyslusjóður á starfsævinni og bætt við eftirlaunin eftir að vinnu lýkur.



Hér eru nokkur góð ráð til að skipuleggja eftirlaunasparnaðinn.

- Kynntu þér hver staða þín er með því að safna upplýsingum um lífeyrisréttindi og lífeyrissparnað.
- Settu þér markmið um eftirlaun, gerðu svo áætlun út frá núverandi stöðu og leggðu fyrir aukalega til að ná markmiðunum.
- Reglulegur sparnaður er besta leiðin til að byggja upp eignir. Nýttu þér kosti viðbótarlífeyrissparnaðar til að fá mótframlag launagreiðanda.
- Veldu ávöxtunarleið eftir aldri. Því lengri tími sem er til starfsloka þeim mun hærra hlutfall er t.d. hægt að fjárfesta í hlutabréfum sem gefa hæstu ávöxtunina til langs tíma en sveiflast mest í verði til skamms tíma. Ef þú þolir illa sveiflur veldu þá ávöxtunarleið sem sveiflast lítið, t.d. stutt skuldabréf og innlán. Gættu að áhættudreifingu til að draga úr skuldaráhættu og veldu ávöxtunarleiðir með hóflegan kostnað.
- Vertu skuldlaus á eftirlaunaárunum. Stilltu lánstíma langtímalána þannig að lán verði í síðasta lagi uppgreidd þegar þú áætlast að hætta að vinna.
- Forðastu að taka neyslulán (yfirdráttarlán, bílálán, og fl.) þar sem þau eru oftast óhagkvæm. Leggðu frekar áherslu á að safna fyrir kaupum með reglulegum sparnaði.
- Gerðu ráðstafanir til að draga úr tekjumissi vegna veikinda eða slysa. Kynntu þér hvaða réttindi þú átt í lífeyrissjóðum og bætur persónutrygginga sem þú hefur keypt eða nýtur með öðrum hætti. Skoðuðu hvort þú þurfir meiri tryggingar. Yfirleitt er mælt með örorkulífeyri á bilinu 60%–70% af launum en tryggingaþörfin ræðst af fjárhag og fjölskylduáætlunum.
- Það er góð regla að fara yfir málið með ráðgjafa eða sérfræðingi á nokkurra ára fresti. Talaðu við fleiri en einn aðila til að fá fleiri sjónarhorn.

Best að byrja strax

Við ættum öll að hlakka til eftirlaunaáranna þegar loksins gefst nægur tími til að sinna áhugamálum og fjölskyldu. En það þarf að undirbúa það eins og allt annað. Það margborgar sig að huga að eftirlaunamálunum snemma á ævinni.

Þá þarf minna að leggja fyrir í einu og áhrif vaxta á sparnaðinn verða meiri. Um leið aukast líkurnar á góðum eftirlaunum.



Hvernig getur Almenni aðstoðað þig?

- Ráðgjafar Almenna lífeyrissjóðsins eru tilbúnir að aðstoða þig og veita góð ráð. [Hér](#) getur þú sent tölvupóst til ráðgjafa.
- Á heimasíðu sjóðsins er reiknivél til að reikna greiðslubyrði lána miðað við mismunandi forsendur

Fræðslugreinar Almenna lífeyrissjóðsins eru skrifaðar með hliðsjón af upplýsingum sem liggja fyrir á hverjum tíma. Sjóðurinn og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli efnis og upplýsinga sem birtist í greinunum. Lesendum er ráðlagt að kynna sér málin vel og fá ráðgjöf og upplýsingar frá fleiri en einum aðila áður en ákvarðanir eru teknar.